

8. gr.

Árlega skal verja helmingi vaxta sjóðsins til kaupa á trjáplöntum, sem ganga til þeirra manna í Saurbæjarhreppi, sem hug hafa á þeim, og skulu stjórnendur sjóðsins hafa auga með, hvar þær kæmu bezt að notum. Umsóknir um trjáplöntur þessar þurfa ekki að berast, heldur skal stjórnin minna á tilveru sjóðsins og hvetja menn til gróðursetningar. Meðan sjóðurinn er lítills megnugur, skulu allar trjáplöntur hvers árs ganga til sama aðila.

9. gr.

Séu engar trjáplöntur keyptar eitthvert árið, skal leggja vextina óskerta við höfuðstólinn.

10. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggum stað, og ber stjórnin fulla ábyrgð á honum. Hún semur árlega reikninga fyrir sjóðinn, sem leggur undir úrskurði og samþykki ungmennafélagsins.

11. gr.

Hætti ungmennafélagsskapurinn eða leggist niður, þá tilheyrir sjóður þessi hreppsfélagi Saurbæjarhrepps, með óbreyttu fyrirkomulagi að öðru en því að atkvæðisbærir menn hreppsins velja stjórn hans og úrskurður reikninganna fellur undir sýslunefnd Dalasýslu.

12. gr.

Skipulagsskrá þessa skal innfæra í gjörðabók U.M.F. Stjarnan, einnig ársreikninga sjóðsins. Hver stjórnarmeðlimur hefur eitt eintak af skipulagsskrá þessari, svo skal og vera um reikninga sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Á aðalfundi U.M.F. Stjarnan, skal útskurða reikninga sjóðsins og um leið kynna verksvið hans.

13. gr.

Á skipulagsskrá þessari, skal leita staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun
flutningsgjalds með flugvélum í tollverði vöru.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 32. tl. 3. gr. tollskrárlaga til þess að lækka flutningsgjald í tollverði vöru, þegar vara er flutt til landsins með flugvélum, um 50% frá raunverulegu flutningsgjaldi hverju sinni. Nær lækkunin eingöngu til flutningsgjalds þess hluta leiðarinnar, sem er eða getur verið samfelldur flutningur í þeirri flugvél, er vöruna flytur til landsins. Það skilyrði er sett fyrir framangreindri lækkun, að vara sé tollafgreidd og tekin úr afgreiðslu flugfélaganna innan 15 daga frá komudegi flugvélarinnar til landsins.

Framangreind lækkun kemur til framkvæmda nú þegar.

Fjármálaráðuneytið, 21. júlí 1967.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.